

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2002

frá 1. mars 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2002 frá 1. febrúar 2002⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 991/2001 frá 21. maí 2001 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 92/14/EBE um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66e (tilskipun ráðsins 92/14/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32001 R 0991**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 991/2001 frá 21. maí 2001 (Stjtíð. EB L 138, 22.5.2001, bls. 12).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 991/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 88, 4.4.2002, bls. 12 og EES-viðbæti við Stjtíð. EB nr. 18, 4.4.2002, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 138, 22.5.2001, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. mars 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. mars 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.